



# Ársskýrsla 2015-2016



LANDVERND



## Efnisyfirlit

Viðburðaríkt ár   3
Vernd víðerna í stjórnarskrá   3
Þjóðgarður á miðhálandi Íslands   4
Umhverfismenntaverkefni FEE: Grænfáni, Bláfáni og Græni lykillinn   6
Bláfáninn   7
Græni lykillinn   8
Vitundarvakning um matarsóun á Íslandi   8
Vistheimt með skólum á Suðurlandi   9
Náttúruvernd á háhitasvæðum   10
Búvörusamningar og náttúruvernd   11
Loftslagsverkefni: Tækifærin liggja í loftinu   11
Landsnet og umhverfismál   12
Umsagnir, kærur og dómsmál   13
Stjórn Landverndar 2015-2016   14
Starfsfólk og starfsnemar Landverndar 2015-2016   14
Í lið með Landvernd   15
Landvernd í fréttum   15
Fundir   16
Sundruð stjórnsýsla náttúruverndar   17
Vindmyllur á Íslandi   18
Áskoranir, ályktanir og yfirlýsingar 2015-2016   19
Friðlýsingartregða   20
Ný náttúruverndarlög   20
Starfsreglur verkefnisstjórnar RÁ   21
Landsskipulagsstefna   21
Ársreikningur 2015   22
Stiklur úr starfi Landverndar   23



Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök Íslands er frjáls félagasamtök sem starfa að umhverfismálum til að vernda og bæta lífsgæðin í landinu. Hlutverk Landverndar er að standa vörð um íslenska náttúru og vera virkur þátttakandi í stefnumótun, fræðslu og upplýstri ákvarðanatöku í málum er varða landnotkun, auðlindir og umhverfi. Innan Landverndar eru 43 aðildarfélög um allt land en auk þess eru um 4.700 einstaklingar skráðir félagar. Þessi skýrsla stjórnar var lögð fram á aðalfundi Landverndar 30. apríl 2016.

Mynd á forsíðu: Nýfoss í Farinu við Hagavatn. Fossinn myndi hverfa ef rennsli Farsins yrði stíflað og virkjað við Hagavatn. Orkuhugmyndin er í biðflokki rammaáætlunar. Mynd: Casey Coulter. Náttúruljósmyndir á bls. 3, 11, 16, 19, 20, 21 og 23: Snorri Baldursson.

Umbrot og teikningar: Blek hönnunarstofa | [www.blekhonnun.is](http://www.blekhonnun.is)  
Prentun: Guðjón Ó, vistvæn prentsmiðja.



## Viðburðaríkt ár

Staða Landverndar er sterk um þessar mundir. Félagsmenn eru um 4.700 talsins og fjölgaði um ríflega 20% á árinu. Tekjur af félagsgjöldum og verkefnastyrkjum jukust að sama skapi og voru um 25% hærrí árið 2015 en árið 2014. Hjá samtökunum vinna nú átta starfsmenn í sex stöðugildum og þakka ég þeim öllum fyrir mikið og gott framlag fyrir samtökin.

Ekki veitir af mörgum vinnufúsum höndum því markmið Landverndar eru víðfeðm; í hnotskurn verndun náttúru og umhverfis á Íslandi, endurreisn spilltra vistkerfa, sjálfbær umgengni við náttúruna, virk þátttaka í alþjóðasamstarfi og fræðsla. Sem endranær hafa alþjóðleg fræðslu- og umhverfisverndarverkefni, undir hatti Grænfánans, Bláfánans og Græna lykilsins, auk annarra langtímaverkefna í loftslagsmálum, landgræðslu, fræðslu á jarðhitasvæðum og matarsóun verið í forgrunni starfseminnar. Landvernd hefur jafnframt unnið ótullega með Náttúruverndarsamtökum Íslands o.fl. félagasamtökum að einu stærsta náttúruverndarverkefni fyrr og síðar: Friðlýsingu miðhálandisins í Þjóðgarði. Það starf bar fyrsta ávöxt 7. mars 2016 þegar fulltrúar tuttugu umhverfisverndar- og útvistarsamtaka, auk Samtaka ferðaþjónustunnar, skrifuðu undir viljayfirlýsingu um stofnun hálandisþjóðgarðs. Landvernd lét sig enn fremur varða málefni á borð við stofnanaumgjörð náttúruverndar, rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, kerfisáætlun Landsnets, framfylgd Árósasamningsins á Íslandi, skipulagsmál sveitarfélaga og sauðfjárbæit á auðnum.

Vaxandi hluti starfseminnar er þátttaka í opinberri stefnumótun og ákvarðanatöku um málefni sem snerta skipulag, umhverfi og náttúru. Á liðnu ári voru gefnar ítarlegar umsagnir um yfir 20 lagafrumvörp, þingsályktunar- og skipulagstillögur. Þá hefur Landvernd í auknum mæli kært ákvarðanir stofnana og fyrirtækja, sem ekki standast lög og verkferla að mati samtakanna. Umsagnir og kærumál af þessu tagi taka mikinn tíma og krefjast sérþekkingar

## Vernd víðerna í stjórnarskrá

Landvernd hefur lagt til að ákvæði til verndar víðernum verði tekið upp í stjórnarskrá sem hluti af þeim breytingum sem nú eru til umræðu. Víðerni miðhálandisins eru einstök á heimsvísu og skapa íslensku náttúru mikla sérstöðu. Landvernd hefur sent frá sér fleiri

á laga- og regluverki. Landvernd hefur því um nokkra hríð stefnt að því að ráða lögfræðing í fullt starf til að sinna þessu hlutverki. Landvernd hefur einnig beitt sér af krafti í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum og kom á árinu 335 sinnum fyrir í fréttum og blaðagreinum. Það sýnir betur en margt annað hve miðlæg samtökin eru orðin í umræðu á Íslandi. Þá stóð Landvernd fyrir mörgum fjölsóttum fyrirlestrum og ráðstefnum, t.d. um stöðu loftslagsmála eftir Parísarsarfundinn og um Þjóðgarð á miðhálandinu.



Á liðnu hausti hófu stjórn og starfsfólk Landverndar vinnu við að skerpa áherslur samtakanna til næstu tveggja ára. Hugsunin var ekki að kollvarpa því góða starfi sem sinnt er nú þegar heldur að horfa til þess hvernig betur megi bregðast við aðkallandi áskorunum. Niðurstaða þessarar vinnu liggur nú fyrir og verður kynnt á aðalfundi 2016. Í stuttu máli var ákveðið að leggja áherslu á fjóra málaflokka: Náttúruvernd í ferðaþjónustu, gróðurvernd og vistheimt, loftslagsmál og síðast en ekki síst umhverfis- og náttúruvernd sem hornstein alls annars starfs Landverndar.

Staða og framtíð jarðanna Alviðru og Öndverðarness II sem Landvernd á til helminga við Héraðsnefnd Árnesinga hefur verið til endurskoðunar á liðnu starfsári. Botninn datt úr umhverfisfræðslu í Alviðru í kjölfar hrunsins 2008 og hefur starfsemi þar verið lítil sem engin síðan. Vandséð er að unnt verði að endurvekja hana í fyrri mynd miðað við þær forsendur sem skólar og sveitarfélög búa við í dag. Málefni Alviðru verða sérstaklega rædd á aðalfundi 2016.

*Snorri Baldursson, formaður Landverndar.*


ábendingar um hvað megi betur fara í tillögum stjórnarskrárnefndar, m.a. hvað varðar varúðarregluna, réttláta málsmeðferð, frumkvæðisskyldu stjórnvalda um upplýsingar, almannarétt og skilgreiningu á sjálfbærni.





# Þjóðgarður á miðhálandi Íslands

Samstarfsverkefni Landverndar og Náttúruverndarsamtaka Íslands um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu hélt áfram af miklum krafti.



Fulltrúar tuttugu samtaka skrifa undir viljayfirlýsingu um miðhálandisþjóðgarð. Mynd: Gunnar Steinn Úlfarsson.

## Sögulegur áfangi

Helsta markmið verkefnisins á þessu starfsári var að mynda víðtæka samstöðu um vernd miðhálandisins. Hinn 7. mars síðastliðinn náðist svo sögulegur áfangi þegar viljayfirlýsing um þjóðgarð á miðhálandinu var kynnt. Yfir 20 náttúruverndar- og útivistarsamtök auk Samtaka ferðapjónustunnar (SAF) skrifuðu undir yfirlýsinguna. Fram að kynningunni markaðist starfið einna helst af fjölmörgum fundum með fulltrúum þessara aðila. Fundahöldin voru gríðarlega mikilvægt skref og í raun forsenda víðtæks stuðnings um verkefnið. Þessi samstarfshópur myndar nú sterkt þrýstiafl um verndun miðhálandisins.

## Miðlun efnis

Á sama tíma og viljayfirlýsingin var kynnt í ráðhúsi Reykjavíkur var facebooksíðu verkefnisins hleypt af stökkunum. Hún ber heitið Hálandið – Iceland National Park. Samtímis var ný heimasíða hálandisverkefnisins [www.halendid.is](http://www.halendid.is) kynnt.

Umfangsmesta verkefnið í miðlun þekkingar á starfsárinu var þó gerð myndbands sem ber titilinn *Hvað er þjóðgarður?* Í myndbandinu er leitast við að útskýra hvað hugtakið þjóðgarður þýðir og um leið að skýra hvernig samtökin sem standa að viljayfirlýsingunni sjá fyrir sér hálandisþjóðgarð. Allt efni á facebooksíðu, heimasíðu og í myndbandinu byggir á ljósmyndum og myndskreiðum sem verkefnið aflaði síðastliðið sumar.

### HVAÐ ER ÞJÓÐGARÐUR?





Hrafnabjargafoss í Skjálfandafljóti. Fossinn er syðstur í fossaröðinni Aldeyjarfoss, Ingvarafoss, Hrafnabjargafoss. Ef Skjálfandafljót yrði virkjað myndi fossinn heyra sögunni til. Mynd: Steinar Kaldal.

## Hálendisráðstefna í Hörpu

Einn umfangsmesti verkþáttur hálendisverkefnisins fólst í skipulagningu og framkvæmd Hálendisráðstefnunnar sem fór fram í Hörpu í febrúar 2016 í samstarfi við Náttúruverndarsjóð Pálma Jónssonar. Ráðstefnan var vettvangur fyrir almenning þar sem fram komu innlendir og erlendir sérfræðingar og fjölluðu um það hvernig standa mætti að stofnun hálendisþjóðgarðs. Á ráðstefnunni var auk þess lögð áhersla á að kynna mikilvægt hlutverk Náttúruverndarsjóðsins þegar kemur að náttúruvernd og umhverfisfræðslu, ekki síst á hálendinu.

Hálendisráðstefnan tókst afar vel og mæting fór fram úr björtustu vonum. Fyrri daginn mættu yfir 300 gestir og seinni daginn litlu færri. Í kjölfar ráðstefnunnar var mikil umfjöllun um efni hennar í flestum fjölmiðlum.



Lilja Pálmadóttir formaður Náttúruverndarsjóðs Pálma Jónssonar kynnir hugmyndafræði og hlutverk sjóðsins. Guðrún Pétursdóttir ráðstefnustjóri fylgist með. Mynd: Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

## Næstu skref

Í framhaldi af þeim góða árangri sem náðst hefur eru næstu skref enn frekari kynning verkefnisins. Samtökin sem standa að yfirlýsingunni ætla sér að útfæra nánar sýnina sem fram kemur í viljayfirlýsingunni og því næst kynna verkefnið vel fyrir sveitarstjórnnum á nærsvæðum hálendisins og stjórnmalaflokkum í aðdraganda alþingiskosninga. Steinar Kaldal er verkefnisstjóri hálendisverkefnis Landverndar og Náttúruverndarsamtaka Íslands. Verkefnið er styrkt af Náttúruverndarsjóði Pálma Jónssonar.



Eitt af merkjum verkefnisins, hannað af Birgi Breiðfjörð. Myndin er úr Þórsmörk, tekin af Fanneyju Gunnarsdóttur. Merkin hér að neðan eru öll hönnuð af Birgi Breiðfjörð.





# Umhverfismenntaverkefni FEE: Grænfáni, Bláfáni og Græni lykillinn



Foundation for Environmental Education (FEE) eru alþjóðleg samtök sem stofnuð voru árið 1981. Markmið samtakanna er að stuðla að sjálfbærni með menntun. Frjáls félagasamtök um heim allan geta gerst aðildarfélög FEE og rekið umhverfismenntaverkefni samtakanna, sem eru fimm talsins. Landvernd gerðist aðili að samtökunum árið 2000 og starfrækir þrjú þessara verkefna, Skóla á grænni grein (Grænfáninn) frá 2001, Bláfáninn frá 2002 og Græna lykilinn frá 2015. Önnur verkefni sem FEE rekur en eru ekki starfrækt hér á landi eru Skógarverkefni fyrir skóla og Ungir umhverfisblaðamenn. Félagasamtök í 67 löndum um allan heim eiga aðild að FEE.


## Skólar á grænni grein - Grænfáninn



Skólar á grænni grein – Grænfáninn er alþjóðleg umhverfisviðurkenning fyrir skóla með það að markmiði að efla menntun til sjálfbærni á öllum skólastigum. Verkefnið er rekið í 59 löndum um allan heim og eru yfir 15 milljónir nemenda í 46 þúsund skólum þátttakendur í verkefninu. Verkefnið er hið stærsta sinnar gerðar í heiminum.

### Skólar á grænni grein 2015-2016

Í lok árs 2015 voru 214 skólar á öllum skólastigum skráðir í verkefnið á 227 starfsstöðvum. Þar af höfðu 176 skólar fengið Grænfánann afhentan. Til þess að hljóta Grænfánaviðurkenninguna þurfa skólar að stíga sjö skref í átt að bættri umhverfisvitund innan skólans auk þess sem fulltrúar Landverndar mæta í skólann til úttektar. Heildarfjöldi nemenda í verkefninu var um 45 þúsund og kennarar um 5000. Á árinu 2015 voru 57 skólar teknir út og fóru jafnmargar afhendingar Grænfánans fram.



Fjöldi skóla í Grænfánaverkefninu. Skólar á grænni grein eru þeir sem hafa hafið þátttöku í verkefninu en ekki enn hlotið grænfánaviðurkenninguna.

## Áherslubreytingar

Ýmsar breytingar áttu sér stað á starfsárinu. Má þar nefna að þemu verkefnisins voru endurskoðuð; skólar velja sér þemu til að vinna með fyrir hvert tveggja ára tímabil og setja sér markmið í samræmi við þau. Ákveðið var að bæta við þemunum neyslu, hnattrænu jafnrétti, náttúruvernd og vistheimt. Önnur þemu sem skólar geta unnið með eru úrgangur, vatn, orka, samgöngur, áttahagar, landslag, lýðheilsa, loftslagsbreytingar og lífbreytileiki. Unnið er að námsefni sem mun auðvelda skólum vinnu við þemun. Námsefnið er styrkt af þróunarsjóði námsgagna.

## Nemendamiðað verkefni

Unnið var að því að gera verkefnið markvissara og nemendamiðaðra því mikilvægt er að nemendur taki þátt í vinnu við alla þætti verkefnisins. Hluti af þessari vinnu var nýtt umhverfismat þar sem nemendur kanna sjálfir stöðu umhverfismála í upphafi hvers nýs grænfánatímabils. Einnig er unnið að gerð og innleiðingu leiðbeininga um markmiðssetningu og aðgerðaáætlun í umhverfismálum innan skólanna.

Á níu fundum fyrir starfsmenn þátttökuskóla um allt land var stigið fyrsta skrefið í innleiðingu breytinga með því að leita eftir sjónarmiðum þátttakenda. Auk þess voru unnin ýmis verkefni sem bættu þekkingu starfsmanna á menntun til sjálfbærni og framkvæmd verkefnisins.

Katrín Magnúsdóttir er verkefnisstjóri Skóla á grænni grein. Aðrir starfsmenn eru Caitlin Wilson og Ólöf Óskarsdóttir í hlutastarfi, en Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir lét af störfum fyrri hluta ársins 2016.

## Bláfáninn



Bláfáninn er alþjóðleg umhverfisviðurkenning sem veitt er smábátahöfnum, baðströndum og þjónustuaðilum í sjálfbærri ferðaþjónustu á hafi (e. sustainable boating tourism operators) fyrir árangursríkt starf að umhverfismálum.

Meginmarkmið verkefnisins er að vernda haf- og strandsvæði, draga úr umhverfisáhrifum með kerfisbundnum hætti, bæta öryggi og efla umhverfisvitund. Bláfáninn er ein útbreiddasta umhverfisviðurkenning sinnar tegundar í heiminum en 4154 staðir í 49 löndum um heim allan hlutu viðurkenninguna árið 2015.

### Starfsárið 2015–2016

Árið 2015 sóttu tíu aðilar um Bláfánann hér á landi, sjö smábátahafnir og þrjár baðstrendur. Níu þeirra komust í gegnum úttekt, en til að fá að flagga Bláfánanum fara umsækjendur í gegnum strangt ferli. Þeir aðilar sem flögguðu árið 2015 voru smábátahafnirnar á Borgarfirði eystri, Bíldudal, Patreksfirði, Stykkishólmi, Suðureyri og Ýmishöfn í Kópavogi ásamt baðströndunum Bláa lóninu, Langasandi á Akranesi og Ylströndinni í Nauthólsvík. Auk þess flögguðu fimm hvalaskoðunarfyrtæki Bláfánavefunni: Elding, Sérferðir, Ambassador, Norðursigling og Gentle Giants.

### Bláfáninn fyrir aðila í sjálfbærri ferðaþjónustu á hafi

Í stað Bláfánavefunnar sem hingað til hefur verið í gildi fyrir hvalaskoðunarfyrtæki og smábátavegndur hafa verið þróuð sérstök Bláfánaviðmið fyrir aðila í sjálfbærri ferðaþjónustu á hafi. Landvernd átti frumkvæði að því að Bláfánaverkefnið réðist í þessa vinnu á heimsvísu og tók þátt í að móta viðmiðin.

Umsækjendur ganga nú í gegnum sama ferli og aðrir umsækjendur Bláfánans og eru viðmiðin sérstaklega aðlöguð að ferðaþjónustuaðilum á hafi. Þessi nýju viðmið voru kynnt á Alþjóðafundi Bláfánans sem fram fór í október árið 2015.

### Hvalaskoðun, köfun, sjóstangveiði o.fl.

Á heimasíðu Blue Flag International kemur fram: „After close to 30 years of experience, we feel that we are ready to take up a new challenge. The coastline is our field of expertise, and our beaches and marinas prove that we can make a difference. It was a logical step for us to take, and we are happy to announce that the first companies will be certified with the Blue Flag in 2016. We have worked three years on our new criteria for sustainable boating tourism operators, with experts and key stakeholders. Diving, whale watching, nature watching, recreational fishing... any type of sustainable boating activity can begin the process of certification with us.“

Aðilar í sjálfbærri ferðaþjónustu á hafi gátu því í fyrsta skipti sótt um Bláfánann í ár og sóttu alls fjögur íslensk hvalaskoðunarfyrtæki um viðurkenninguna. Niðurstöður munu liggja fyrir í byrjun maí 2016.

Salome Hallfreðsdóttir er verkefnisstjóri Bláfánans hjá Landvernd.



Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og leikskólabörn á Akranesi tóku við Bláfánanum í þriðja sinn fyrir Langasand.




Ylströndin í Nauthólsvík hlaut Bláfánann í tíunda skipti.



Bláa Lónið hefur verið handhafi Bláfánans frá upphafi verkefnisins héraðs og flaggaði í þrettánda skipti. Myndir með greininni: NN.



## Græni lykillinn



Græni lykillinn er alþjóðleg umhverfisviðurkenning sem veitt er gististöðum og öðrum fyrirtækjum í affreyngarþjónustu, s.s. veitingastöðum, skemmtigörðum, söfnum og ráðstefnusölum. Græni lykillinn er ein útbreiddasta umhverfisviðurkenning sinnar tegundar í heiminum en 2370 staðir í 52 löndum um heim allan hlutu viðurkenninguna árið 2015. Markmið Græna lykilsins er að auka þekkingu og efla umhverfisvitund viðskiptavina og starfsmanna, draga úr umhverfisáhrifum og rekstrarkostnaði, efla umhverfis- og samfélagsábyrgð auk þess að styrkja jákvæða ímynd fyrirtækjanna sem hann hljóta. Til að hljóta Græna lykilinn þurfa rekstraraðilar að uppfylla skilyrði er lúta að tólf þáttum, þ.m.t. vistvænum innkaupum, úrgangsstjórnun, orkusparnaði og umhverfisfræðslu.

### Aukinn áhugi hér á landi

Radisson Blu hótelin á Íslandi, Hótel Saga og 1919, hlutu Græna lykilinn fyrst hótela hér á landi í byrjun ársins 2015 á sama tíma og Landvernd tók við rekstri verkefnisins hérlendis. Þessi tvö hótél fengu viðurkenninguna afhenta að nýju í apríl í ár en sækja þarf um Græna lykilinn árlega. Fleiri höfðu ekki sótt um viðurkenninguna hér á landi vorið 2016 en margir sýnt því áhuga að hefja umsóknarferli. Salome Hallfreðsdóttir er verkefnisstjóri Græna lykilsins hjá Landvernd.



Radisson Blu Hótel Saga og Radisson Blu Hótel 1919 taka á móti viðurkenningu Græna lykilsins í annað skipti. Þau eru jafnframt fyrstu hótelin hérlendis til að fá viðurkenninguna. Mynd: Guðrún St. Kristinsdóttir.

## Vitundarvakning um matarsóun á Íslandi

Matarsóunarverkefni Landverndar hófst á vormánuðum 2014 þegar styrkur fékkst frá Norrænu ráðherranefndinni. „Zero Waste“ hópurinn, sem hlaut styrkinn, samanstendur af Landvernd, Kvenfélagasambandi Íslands og hreyfingunni Vakandi ásamt tveimur norrænum samstarfsfélögum: Selinu Juul í Danmörku og Matvett í Noregi.



Á vefsíðunni matarsoun.is er að finna góð ráð, uppskriftir og ýmsan fróðleik um mat og matarsóun.

### Fyrsta rannsóknin á matarsóun

Landvernd fékk styrk frá Reykjavíkurborg til að vinna forrannsókn á matarsóun á reykvískum heimilum. Rannsóknin náði til 17 heimila og fólst í könnun á viðhorfi og hegðun einstaklinga gagnvart matarsóun og mælingum á sóun inni á heimilum. Þessi forrannsókn bendir til að a.m.k. 5.800 tonnum af mat og drykk sé hent af reykvískum heimilum árlega. Þetta samsvarar a.m.k. 4,5 milljörðum króna. Niðurstöður forrannsóknarinnar benda því til að matarsóun hvers einstaklings yfir árið nemi a.m.k. 48 kg og að kostnaðurinn sé um 150 þúsund krónur fyrir fjögurra manna fjölskyldu. Sú upphæð dugar fyrir einu kíló af lambakótilettum og léttu meðlæti í hverri viku allt árið. Andrea Burgherr og Sólrún Sigurðardóttir unnu að rannsókninni ásamt starfsfólki Landverndar.

### Norræn samvinna

Samnorræna námsgáttin Norden i Skolen stóð í vetur fyrir keppni í að sóa sem minnstum mat. Á Íslandi tóku 120 bekkir í 21 skólum þátt í keppninni. Sjötti bekkur Hofsstáðaskóla, sem er Grænánaskóli, vann keppnina með glæsibrag. Fulltrúar Landverndar sátu í ráðgjafahópi verkefnisins á Íslandi. Rannveig Magnúsdóttir er verkefnisstjóri matarsóunarverkefnis Landverndar.





## Vistheimt með skólum á Suðurlandi

Vistheimtarverkefni Landverndar hefur verið starfrækt frá 2013 í samstarfi við Landgræðslu ríkisins og þrjá grænfánaskóla á Suðurlandi (Grunnskólann Hellsu, Hvolsskóla og Þjórsárskóla). Verkefnið er liður í að efla þekkingu og getu grænfánaskóla til að takast á við flóknari umhverfismál þar sem sérstök áhersla er lögð á þátttöku nemenda í rannsóknum og túlkun þeirra.

### Vísindamenn framtíðarinnar

Verkefnið felst í því að grunnskólanemendur á miðstigi leggja út tilraunareiti á lítt grónu landi í nágrenni þátttökuskólanna undir leiðsögn kennara, starfsfólks Landverndar og Landgræðslu ríkisins. Hver árgangur (5. bekkur) setur út að vori sína eigin reiti sem hann svo tekur út eða metur á hverju hausti eftir það. Í tilraunareitunum eru mismunandi aðferðir til landgræðslu reyndar: Gefinn áburður einn sér eða ásamt fræsáningu, borinn á húsdýraáburður, reitir þaktir með heyi og prófuð molta unnin úr lífrænum úrgangi frá skólunum sjálfum. Til viðmiðunar eru reitir þar sem ekkert er gert.

Í september 2015 tóku elstu nemendurnir í verkefninu reiti sína út í annað skiptið, mældu gróðurþekju og greindu plöntur til tegunda og plöntuhópa. Nýir árgangar mældu einnig sína reiti í fyrsta skipti.



Að ofan: Tilraunareitir nemenda í Hvolsskóla. Mismunandi landgræðslu-aðferðir eru prófaðar í reitunum. Til vinstri: Nemendur Grunnskólans Hellsu og sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, Robert C. Barber, taka út tilraunareiti haustið 2015. Myndir: Rannveig Magnúsdóttir.



### Framhaldsskólar bætast í hópinn

Styrkur frá sendiráði Bandaríkjanna gerði Landvernd kleift að færa út kvíarnar haustið 2015 og tvö námskeið um vistheimt voru haldin, á Norðurlandi fyrir Stórutjarnaskóla og Reykjahlíðarskóla og á Suðurlandi fyrir Fjölbrautaskóla Suðurlands. Í kjölfarið hófu Stórutjarnaskóli og Fjölbrautaskóli Suðurlands auk Menntaskólans að Laugarvatni og Menntaskólans við Hamrahlíð þátttöku í verkefninu. Þar með hafa framhaldsskólar bæst í hópinn og verður sérstök áhersla lögð á það skólastig á komandi misserum.

### Kennsluefni

Á árinu var unnið að kennsluefni um vistheimt og landgræðslu fyrir miðstig grunnskóla. Gerð kennsluefnisins er styrkt af Þróunarsjóði námsgagna og mun gagnast nýjum grunnskólum sem bætast í hópinn.

### Víðtæk kynning verkefnisins

Landvernd kynnti verkefnið á alheimsráðstefnu SER (Society for Ecological Restoration) í Manchester í Bretlandi í ágúst 2015. Grænfáninn í Skotlandi og grunnskólakennarar frá Michigan í Bandaríkjunum heimsóttu Landvernd og kynntu sér verkefnið. Þá kynntu fulltrúar nemenda þátttökuskólanna þriggja verkefnið og niðurstöður sínar á Umhverfisþingi haustið 2015 að beiðni umhverfis- og auðlindaráðuneytis.

Rannveig Magnúsdóttir er verkefnisstjóri vistheimtarverkefnisins.



Nemendur með umhverfisráðherra eftir kynningu verkefnisins á Umhverfisþingi 2015. Mynd: Jón Stefánsson.



## Náttúruvernd á háhitasvæðum

*Jarðhitaverkefni Landverndar hófst árið 2012 og lauk á starfsárinu. Markmið verkefnisins var fræðsla til ferðamanna um jarðfræði, líffræði og hið einstaka landslag sem einkennir íslensk háhitasvæði.*

Háhitasvæði eru sérlega viðkvæm fyrir átroðningi og umferð. Í verkefninu var því rík áhersla lögð á ábyrga umgengni og öryggi ferðamanna, þannig að þeir geti notið einstakrar upplifunar á náttúru Íslands án þess að ganga á höfuðstól hennar eða slasa sig. Helstu samstarfsaðilar í verkefninu voru Náttúrufræðistofnun Íslands, Landsbjörg og Ferðafélag Íslands, auk landeigenda eða forráðamanna þeirra svæða sem unnið var á hverju sinni; Vatnajökulsþjóðgarður, Ferðafélag Húsavíkur og Ferðafélag Fljótsdals-héraðs, Fannborg ehf., Sveitarfélagið Ölfus, Hveragerðisbær og Landbúnaðarháskóli Íslands. Birta Bjargardóttir var verkefnaráðin fyrsta árið en Rannveig Magnúsdóttir tók við verkefnisstjórn árið 2013.

### Ráðstefnur

Vel sóttar ráðstefnur voru haldnar í Reykjavík vorið 2012 og í Reykjavík og Mývatnssveit vorið 2013 þar sem fjallað var m.a. um jarðfræði, líffræði, náttúruverndargildi háhitasvæða hér og erlendis, öryggismál ferðamanna, áhrif ferðamanna á viðkvæm svæði og skipulag ferðamannastaða á Íslandi. Að auki fjölluðu tveir nýsjálenskir sérfræðingar um þróun sjálfbærrar ferðamennsku og gáfu dæmi frá heimalandi sínu.

### Skoðunarferðir

Farið var í fjölmargar skoðunarferðir á árunum 2012–2014 þar á meðal á Hengilssvæðið, Reykjanesskagann og Vestur-Skaftafellssýslu í samstarfi við Ferðafélag Íslands. Haustið 2015 var farið í vel heppnaða fræðsluferð í samstarfi við Ferðafélag barnanna sem kallaðist „Hveralíf í Krýsuvík“ þar sem Elísabet Ragna Hannesdóttir líffræðingur og Lovísa Ásbjörnsdóttir jarðfræðingur fræddu börnin um hverasvæðið. Stuttu síðar var öllum nemendum í 6. bekk í Grunnskóla Grindavíkur boðið að taka þátt í svipaðri ferð og var mikil ánægja með það meðal nemenda og kennara.

### Fræðslufni

Þrjú upplýsingaskilti voru sett upp í nágrenni Vonarskarðs (í Nýjadal, á Gjóstuklifi og við Svarthöfða) og tvö skilti við upphaf gönguleiða inn í Reykjadal (við Rjúpnabrekkur og á Ölkelduhálsi). Þá voru fimm skilti sett upp í Kerlingarfjöllum (í Hverabotnum og í og við Ásgarð) og eitt skilti á Sigurðarskála í Kverkfjöllum. Bæklingar um Vonarskarð, Reykjadal og Kverkfjöll voru prentaðir bæði á ensku og íslensku. Þrjú stutt myndskildir voru gerð um háhitasvæði á Íslandi, þar sem tekin voru viðtöl við sérfræðinga í jarðfræði, líffræði, ferðamálafræði og öryggismálum.

Verkefnið var styrkt af atvinnuvegaráðuneyti, Original Buff í gegnum European Outdoor Conservation Association, Náttúruverndarsjóði Pálma Jónssonar, Landsbankanum, Framkvæmdasjóði ferðamannastaða og Vinum Vatnajökuls, auk samstarfsaðila. Landvernd þakkar þeim fjölmörgu samstarfsaðilum og styrktaraðilum sem að verkefninu komu.



Skálaverðir við nýuppsett fræðsluskilti á Sigurðarskála í Kverkfjöllum sumarið 2015.



Lovísa Ásbjörnsdóttir jarðfræðingur fræðir börn um hver og jarðhita í ferðinni Hveralíf í Krýsuvík. Myndir með grein NN.



## Búvörusamningar og náttúruvernd

Í febrúar 2016 sendu Landvernd, Náttúruverndarsamtök Íslands og Skógræktarfélag Íslands samningsaðilum að búvörusamningum yfirlýsingu um sjálfbæra nýtingu gróðurauðlinda.

Samtökin lýstu fullum skilningi á stuðningi við dreifðar byggðir landsins, m.a. þar sem sauðfjárrækt hefur verið undirstaða búsetu, en jafnframt því eindregna mati að beit megi ekki koma niður á landgæðum til lengri tíma litið.

### Friðun afrétta sem þola ekki beit

Samtökin þrjú lögðu ríka áherslu á að skilyrða bæri ríkisstuðning í sauðfjárrækt við sjálfbæra nýtingu gróður- og jarðvegs og ná sátt um friðun verst fögnu afréttanna. Beit á auðnum, rofsvæðum og illa fönum hálendissvæðum á gosbeltinu ætti aldrei að njóta ríkisstuðnings. Framfylgd slíkrar stefnu mætti tryggja í gegnum gæðastýringu í sauðfjárrækt sem hefur stuðlað að ábyrgari landnýtingu á sumum svæðum.

## Loftslagsverkefnið: Tækifærin liggja í loftinu

Loftslagsbreytingar eru ein stærsta áskorun nútímans. Í loftslagsverkefni Landverndar eru sveitarfélög aðstoðuð við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

### Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð

Á síðustu tveimur og hálfu ári hafa sveitarfélagið Hornafjörður og Landvernd, í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga, unnið að því að mæla losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstri og starfsemi sveitarfélagsins. Hornafjörður hefur sett sér markmið og unnið aðgerðaáætlun um samdrátt í losun í þremur geirum: Samgöngum, orkunotkun og úrgangi. Á næstu tveimur árum stefnir sveitarfélagið að a.m.k. 3% samdrætti á ári í losun frá þessum geirum. Stefnir er að enn frekari samdrætti eftir endurskoðun aðgerðaáætlunar árið 2018.

### Stækkun verkefnisins

Sveitarfélagið Fljótsdalshérað hefur aflagið grunnlínugagna síðastliðið ár og íbúafundur var haldinn á Egilsstöðum í apríl 2016 til að safna hugmyndum um aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Nokkur önnur sveitarfélög hafa sýnt verkefninu áhuga og áætlað er að a.m.k. tvö ný hefji þátttöku á árinu.



### Löggjöf og alþjóðasamningar

Að mati samtakanna þyrfti að breyta úreltri löggjöf á sviði skógræktar og landgræðslu þannig að hið opinbera geti brugðist við og komið í veg fyrir ósjálfbæra nýtingu. Þá þyrfti að breyta lögum þannig að vörsluskylda búfjár verði meginregla en lausaganga undantekning.

Huga þarf að alþjóðlegum samningum á sviði umhverfismála sem gera ráð fyrir að spornað sé gegn landeyðingu og að illa farin vistkerfi verði endurheimt. Ríkisstuðningur þarf einnig að taka mið af þessu því bændur gegna lykilhlutverki í landbótaverkefnum.



Guðmundur Ingi Guðbrandsson, framkvæmdastjóri Landverndar og Björn Ingi Jónsson bæjarstjóri á Höfn undirrita samkomulag um loftslagsmál í mars 2016. Mynd: Rannveig Magnúsdóttir.

### Kolefnishlutlaust Ísland?

Sýn Landverndar er sú að Ísland verði kolefnishlutlaust eftir 15-20 ár. Sveitarfélög geta hér gegnt mikilvægu hlutverki með því að vera fyrirmynd nærsamfélagsins. Sem leiðandi þátttakendur í heimahéraði leggja þau þung lóð á vogarskálarnar þegar kemur að því að meta hvort Ísland stenst skuldbindingar sínar á alþjóðavettvangi. Rannveig Magnúsdóttir er verkefnisstjóri loftslagsverkefnis Landverndar.



## Landsnet og umhverfismál

*Landvernd hefur á undanförunum árum veitt Landsneti hf. öflugt aðhald í umhverfismálum. Það hefur einkum beinst að áætlanagerð Landsnets (kerfisáætlun) og umdeildum framkvæmdum, þar á meðal Sprengisandslínu. Mörg mál bíða úrlausnar dómstóla og annarra yfirvalda, þar sem reynir á stöðu umhverfismála.*

### Dómsmál vegna kerfisáætlunar

Í janúar 2015, stefndi Landvernd Landsneti fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur til ógildingar á kerfisáætlun 2014–2023. Landvernd telur fyrirtækið hafa brotið lög með því að taka ekki afstöðu til innsendra athugasemda almennings í umhverfismati áætlunarinnar. Aðild Landverndar að málinu var viðurkennd en samtökin töpuðu málinu efnislega í héraði og áfrýjuðu til Hæstaréttar. Málið bíður nú málflytningu þar.

### Reynir á gjafsóknarákvæði

Landvernd sótti um gjafsókn í dómsmálinu gegn Landsneti. Innanríkisráðuneytið hafnaði því, að undangenginni neikvæðri umsögn gjafsóknarnefndar. Landvernd kærði málið til Umboðsmanns Alþingis, sem krafði innanríkisráðherra skýringa. Ráðuneytið svaraði með því að senda málið aftur til gjafsóknarnefndar, sem aftur gaf neikvæða umsögn. Landvernd hefur borið málið á nýjan leik undir Umboðsmann.

Innanríkisráðherra hefur nú lagt fram á Alþingi lagafrumvarp sem útiloka myndi alfarið gjafsókn til umhverfisverndarsamtaka. Slíkt verður að teljast í andstöðu við Árósasamninginn, alþjóðasamning sem á m.a. að tryggja aðgang umhverfisverndarsamtaka að réttlátri málsmeðferð.

### Raflína frá Kröflu að Bakka – um Leirhnjúkshraun

Í mars 2015 óskaði Landvernd eftir því við Skipulagsstofnun að nýtt umhverfismat yrði gert fyrir þær raflínur sem nú eru í bígerð frá Kröflu að Bakka. Álver á Bakka er ekki lengur á döfinni og raforkuþörf kísilversins og annarra mögulegra verkefna er margfalt minni en álvers. Því koma aðrar lausnir og umhverfisvænni eðlilega til skoðunar. Ný framkvæmd kallar á nýtt umhverfismat.

Skipulagsstofnun hafnaði aðild Landverndar að kröfu um nýtt umhverfismat. Þá ákvörðun kærði Landvernd og bíður það mál nú úrskurðar. Engin afstaða hefur enn verið tekin til samsvarandi kröfu nokkurra landeigenda á svæðinu.

### Landsnet neitar að afhenda gögn

Landvernd fór fyrir einu ári fram á að Landsnet afhenti samtökunum afrit af skýrslu sem fyrirtækið lét gera um fýsileika þess að leggja jarðstrengi í stað loftlína. Aðeins var birt íslensk samantekt skýrslunnar sem er á ensku. Landsnet vísaði mjög í þessa skýrslu í rökstuðningi fyrir því að ekki væri unnt að leggja jarðstreng lengri en 50 km um Sprengisand. Fyrirtækið neitar að afhenda frumskýrsluna. Þetta mál er prófsteinn á ákvæði laga um rétt til upplýsinga um umhverfismál, sem sáralítið hefur reynt á þrátt fyrir að þau hafi gilt í áratug. Landvernd bíður enn niðurstöðu úrskurðarnefndar um upplýsingamál varðandi aðgang að jarðstrengjaskýrslunni og að samningi sem Landsnet gerði við fyrirtækið PCC.



# Umsagnir, kærur og dómsmál

*Eitt af mikilvægum hlutverkum félagasamtaka á sviði umhverfis- og náttúruverndarmála er að veita stjórnvöldum og fyrirtækjum öflugt aðhald.*

Leitað hefur verið til Landverndar um umsagnir við fjölda lagafrumvarpa, þingsályktunartillagna, skipulagsmála sveitarfélaga og vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana. Á nýliðnu starfsári hefur Landvernd veitt umsagnir um 22 mál. Tólf kærur eða kvartanir hafa verið sendar úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (ÚUA) og úrskurðarnefnd um upplýsingamál (ÚUU) eða öðrum aðilum. Þá rekur Landvernd dómsmál gegn Landsneti hf. fyrir Hæstarétti.

## **Virkjanamál**

- Drög að flokkun virkjanahugmynda 3ja áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar (umsögn).
- Drög að breytingum á starfsreglum verkefnisstjórnar rammaáætlunar (umsögn).

## **Raforkuflutningsmál**

- Samþykkt kerfisáætlunar 2014-2023 (dómsmál: Áfrýjun á niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur til Hæstaréttar).
- Drög að kerfisáætlun 2015-2024 og umhverfisskýrslu hennar (umsögn).
- Beiðni um jarðstrengjaskýrslu Landsnets (kæra til ÚUU).
- Beiðni um samning Landsnets hf. og PCC á Bakka (kæra til ÚUU).
- Framkvæmdaleyfi Grindavíkurbæjar vegna Suðurnesjalínu 2 (kæra til ÚUA).
- Framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Voga vegna Suðurnesjalínu 2 (kæra til ÚUA).

## **Skipulagsmál**

- Tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu 2015-2026 (umsögn).
- Deiliskipulagstillaga 8-10 kW virkjunar í Svartá við Vaðöldu í Skútustaðahreppi (umsögn).
- Deiliskipulagstillaga í Skaftafelli – bílastæði (umsögn).
- Deiliskipulagstillaga í Skaftafelli – flugvöllur (umsögn).
- Skipulags- og matslýsing deiliskipulags 8-10 kW virkjunar í Svartá við Vaðöldu í Skútustaðahreppi (umsögn).

## **Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og tengdar leyfisveitingar**

- Drög að tillögu að matsáætlun fyrir hálendismiðstöðina í Kerlingarfjölum (umsögn).
- Frummatsskýrsla Landsvirkjunar um vindorkuver ofan Búrfells (umsögn).

- Sprengisandslína, 220kV háspennulína yfir Sprengisand. Tillaga að matsáætlun (umsögn með ferðafélagunum).
- Ákvörðun Skipulagsstofnunar um frávisun á kröfu Landverndar um nýtt umhverfismat Kröflulínu 4 (kæra til ÚUA – síðar vísað til umhverfisráðuneytis).
- Endurskoðun mats á umhverfisáhrifum Hvammsvirkjunar (umsögn).
- Byggingarleyfi og efnistaka fyrir hótélbyggingu í Kerlingarfjölum og beiðni um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða (kæra til ÚUA).
- Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu hálendismiðstöðvarinnar í Kerlingarfjölum og beiðni um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða (kæra til ÚUA).
- Framkvæmdaleyfi Bláskógabyggðar til Vegagerðarinnar fyrir framkvæmd á Kjalvegi og stöðvun framkvæmda til bráðabirgða ef hún hefst eða getur talist yfirvofandi (kæra til ÚUA).
- Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu á breytingu á Kjalvegi og stöðvun framkvæmda til bráðabirgða ef hún hefst eða getur talist yfirvofandi (kæra til ÚUA).
- Starfsleyfi Thorsil fyrir kísilverksmiðju í Helguvík (kæra til ÚUA).

## **Frumvörp, frumvarpsdrög og þingsályktunartillögur**

- Drög að frumvarpi til nýrra laga um Umhverfisstofnun (umsögn).
- Frumvarp til laga um breytingar á Þjóðlendulögum (umsögn).
- Frumvarp til laga um breytingar á náttúruverndarlögum (umsögn).
- Tillaga að samgönguáætlun 2015-2026 (umsögn).
- Þingsályktunartillaga um stofnun Þjóðgarðs á miðhálandi Íslands (umsögn).
- Frumvarp til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningasögulegum minjum (umsögn).
- Drög að frumvarpi til stjórnskipunarlaganna – umhverfis- og náttúruvernd (umsögn).
- Drög að frumvarpi til stjórnskipunarlaganna – Þjóðaratkvæði (umsögn).
- Drög að frumvarpi til stjórnskipunarlaganna – náttúruauðlindir (umsögn).
- Drög að frumvarpi til breytinga á lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála – gjafsókn (umsögn).

## **Annað**

- Auglýsingar Norðuráls (kæra til Neytendastofu).
- Höfnun innanríkisráðuneytis á gjafsókn í dómsmáli gegn Landsneti hf. (kvörtun til Umboðsmanns Alþingis).



## Stjórn Landverndar 2015-2016




Snorri Baldursson,  
formaður



Anna G. Sverrisdóttir,  
varaformaður



Jóna Fanney Friðriksdóttir,  
gjaldkeri



Andri Snær Magnason,  
ritari



Fríða Björg Eðvarðsdóttir,  
meðstjórnandi



Guðmundur Björnsson,  
meðstjórnandi



Kristín Vala Ragnarsdóttir,  
meðstjórnandi



Margrét Auðunsdóttir,  
meðstjórnandi



Páll Ásgeir Ásgeirsson,  
meðstjórnandi



Pétur Óskarsson,  
meðstjórnandi

## Starfsfólk og starfsnemar Landverndar 2015-2016

Starfsemi Landverndar hefur aukist á undanförunum árum. Nú starfa átta manns hjá samtökunum í um sex stöðugildum.

### Mannabreytingar



Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir lét af störfum í mars 2016 eftir tæplega tveggja ára starf hjá Landvernd. Bylgju eru færðar alúðarþakkir fyrir framlag hennar til margvíslegra verkefna samtakanna, þ.m.t. Grænfánans, hálendisverkefnisins og átaks gegn matarsóun. Bylgja var einnig starfsnemi hjá Landvernd árið 2013.



Sif Konráðsdóttir, hæstaréttarlögmaður, var verkefnaráðin í desember 2015. Sif vinnur að verkefnum á sviði lögfræði, þ.m.t. að úttekt á innleiðingu og framfylgd Árósasamningsins héraðs, endurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum og ýmsum umsögnum og kærumálum.

### Starfsnemar auka faglega þekkingu Landverndar

Landvernd auglýsir árlega starfsþjálfunarverkefni á meðal nemenda í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands. Tveir starfsnemar luku verkefnum sínum á starfsárinu, þær Andrea Burgherr og Sólrún Sigurðardóttir. Þær stöllur unnu að umfangsmikilli forrannsókn á matarsóun Reykvíkinga ásamt starfsfólki Landverndar. Þetta var fyrsta rannsókn af þessu tagi héraðs og mun nýtast vel í áframhaldandi rannsóknir. Andrea hafði umsjón með þeim þætti rannsóknarinnar sem snéri að mælingu á matarsóun heimila og fjárhagslegum kostnaði, en Sólrún leiddi þann hluta sem fékkst við viðhorf og hegðun fólks þegar kemur að nýtingu matvæla. Nánar er fjallað um niðurstöður verkefnisins í umfjöllun um matarsóunarverkefni Landverndar. Sólrún vinnur nú að mastersverkefni sínu á sviði matarsóunar við HÍ.

Tveir nemar ljúka starfsnámi sínu í vor; Claire Runquist, sem skrifar um umhverfis- og skipulagsmál er varða vindmyllur, og Yumi Ishimoto sem skrifar um umhverfisáhrif jarðvarmavirkjana.



**Starfsfólk og starfsnemar Landverndar í apríl 2016.**

Aftari röð frá vinstri: Salome Hallfreðsdóttir verkefnastjóri Bláfánans og Græna lykilsins, Katrín Magnúsdóttir verkefnisstjóri Grænfánans, Caitlin Wilson starfsmaður Grænfánans og Steinar Kaldal verkefnisstjóri hálandisverkefnis Landverndar og Náttúruverndarsamtaka Íslands.


Fremri röð frá vinstri: Guðmundur Ingi Guðbrandsson framkvæmdastjóri, Hrefna Einarsdóttir bókari, Rannveig Magnúsdóttir verkefnastjóri jarðhita-, vistheimtar-, loftslags- og matarsóunarverkefna og Yumi Ishimoto starfsnemi.

Á myndina vantar Ólöfu Óskarsdóttur skrifstofukonu, Sif Konráðsdóttur lögmann og Claire Runquist starfsnema.

## Í lið með Landvernd

Markvisst hefur verið unnið að fjölgun félagsmanna í Landvernd og hefur það starf skilað drjúgum árangri. Árið 2011 voru um 500 skráðir félagsmenn en að baki félaginu standa nú um 4.700 manns.



Landvernd stendur mun sterkari fótum með fleiri félagsmenn sér að baki. Meiri fjöldi skilar tvennu, meiri slagkrafti og áhrifum og fjárhagslega sterkari samtökum. Unnið verður markvisst að frekari fjölgun félagsmanna á næstu árum.



## Landvernd í fréttum

Á síðustu fimm árum hefur sýnileiki Landverndar í fjölmiðlum aukist verulega og er til marks um aukna starfsemi samtakanna. Árið 2015 var alls fjallað um Landvernd í 335 fréttum og greinum. Þar af voru 58 fréttir í sjónvarpi og útvarpi, 104 í prentmiðlum, 137 í netmiðlum og 36 á sérvefum.

Árið 2015 var Landvernd í 210. sæti yfir lögaðila í fjölda fréttu og greina. Fjölmennasti lögaðilinn kom fyrir tæplega 20 þúsund sinnum. Þá var Landvernd í 7. sæti af yfir 900 félagasamtökum héraendis í fjölda skipta í fjölmiðlum.





# Opnir fundir: Miðhálandið – rammaáætlun – ferðamennska – Juliet Schor – matarsóun – loftslagsmál

## 13.5.2015 Útifundur á Austurvelli

Landvernd efndi til mótmælafundar á Austurvelli vegna tillögu meirihluta atvinnuveganefndar um að færa fjórar virkjanir í orkunýtingarflokk rammaáætlunar framhjá faglegu ferli áætlunarinnar. Nokkur hundruð manns tóku þátt.

## 16.5.2015 Málþing um miðhálandið

Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands héldu málþing þar sem fjallað var um virði miðhálandisins út frá ýmsum sjónarhornum og hvernig mætti tryggja vernd þess sem einnar heildar. Yfir 100 manns sóttu málþingið.

## 20.5.2015 Álag ferðamennsku á náttúru Íslands

Landvernd og Landgræðsla ríkisins stóðu fyrir hádegisfyrirlestri þar sem Andrés Arnalds fagstjóri Landgræðslunnar fjallaði um álag ferðamennsku á náttúruna og nauðsynlegar úrbætur í þeim efnunum. Um 100 manns sóttu viðburðinn.

## 11.-13.6.2015 Fundur fólksins

Landvernd var með bás á Fundi fólksins í Vatnsmýrinni í Reykjavík og stóð einnig fyrir hádegisfyrirlestri með Náttúruverndarsamtökum Íslands um aðgerðarhyggju.

## 23.9.2015 Aðkoma almennings að ákvarðanatöku í umhverfismálum

Landvernd og tékknesku náttúruverndarsamtökin Arnika héldu málþing um aðkomu almennings að ákvarðanatöku í umhverfismálum. Sérfræðingar frá Arniku fluttu m.a. fyrirlestra um mengandi starfsemi og eiturefnaúrgang, fulltrúi Landverndar um þátttöku almennings hérlendis og Snjólaug Ólafsdóttir um áhrif jarðvarmavirkjana á heilsu fólks. Fulltrúar fyrirtækja og opinberra stofnana tóku þátt í pallborði. Um 40 manns sóttu viðburðinn.

## 30.10.2015 Juliet Schor og deiliahagkerfið

Háskóli Íslands, rannsóknarverkefnið „The Reality of Money“ við Heimspekistofnun HÍ og Landvernd efndu til fyrirlestrar með Juliet Schor, prófessor í félagsfræði við Boston College og höfundu fjölmargra bóka og fræðigreina um neyslusamfélag nútímans. Juliet talaði um deiliahagkerfið og á eftir voru pallborðsumræður. Um 200 manns hlýddu á fyrirlesturinn.

## 4.11.2015 Eiga náttúruvernd og ferðamennska samleið?

Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands, í samstarfi við opinberar stofnanir sem fara með málefni verndarsvæða, efndu til hádegisfyrirlestrar með Brent Mitchell, bandarískum sérfræðingi um þjóðgarða og ræddi hann um samspil náttúruverndar og ferðamennsku. Um 130 manns sóttu viðburðinn.

## 27.11.2015 Forrannsókn á matarsóun

Landvernd og Reykjavíkurborg efndu til kynningar á forrannsókn Landverndar á matarsóun reykvískra heimila. Þá kynnti Umhverfisstofnun niðurstöður nýrrar viðhorfskönnunar um matarsóun á Íslandi. Um 50 manns sóttu viðburðinn.

## 3.2.2016 Hádegismálþing um loftslagsmál

Landvernd bauð til fyrirlestra um stöðu loftslagsmála í kjölfar Parísarsamkomulagsins. Hugi Ólafsson í umhverfisráðuneytingu og Árni Finnsson hjá Náttúruverndarsamtökum Íslands héldu erindi. Í pallborði sátu einnig: Snorri Baldursson, formaður Landverndar, Hrönn Hrafnadóttir hjá Reykjavíkurborg og Nína M. Saviolidi hjá Grugg. Yfir 100 manns sóttu málþingið.

## 26.-27.2. 2016 Ráðstefna um þjóðgarð á miðhálandinu

Landvernd, Náttúruverndarsamtök Íslands og Náttúruverndarsjóður Pálma Jónssonar héldu ráðstefnu í Hörpunni í Reykjavík um virði og verndargildi miðhálandisins og þau fjölmörgu tækifæri sem felast í stofnun þjóðgarðs á svæðinu. Yfir 300 manns sátu ráðstefnuna.







## Sundruð stjórnsýsla náttúruverndar

*Stjórnsýsla náttúruverndar, ekki síst umsjón með landi í ríkiseigu, hefur jafnan verið veik og sundruð á Íslandi og má telja það mikilvæga orsök þess að málaflokkurinn hefur átt undir högg að sækja. Alls átta stofnanir og stjórnsýslueiningar sem heyra undir þrjú ráðuneyti halda utan um land í ríkiseigu, sbr. meðfylgjandi töflu.*

Ráðuneyti	Stofnun / stjórnsýslueining	Dæmi um svæði eða staði
Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	Umhverfisstofnun	Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull, Hornstrandir, Friðland að Fjallabaki, Þjórsárver o.m.fl.
	Vatnajökulsþjóðgarður	Vatnajökulsþjóðgarður
	Landgræðsla ríkisins	Dimmuborgir, Húsafell
	Skógrækt ríkisins	Ásbyrgi, Þórsmörk, Vaglaskógur, Hallormsstaðaskógur o.m.fl.
Forsætisráðuneyti/Alþingi	Þingvallanefnd	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum
Forsætisráðuneyti	Minjastofnun Íslands	Gömul mannvirki, verbúðir, Þjóðleiðir, áveitur o.fl.
	Skrifstofa löggjafarmála	Þjóðlendur á miðhálandinu
Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Fasteignir ríkissjóðs	Flatey á Breiðafirði, Skáleyjar, Flatey á Skjálfanda, Búðir, Möðrudalur o.m.fl. ríkisjarðir

Margar ofangreindra stofnana eru að vasast í sömu hlutum, svo sem að tryggja náttúru- og umhverfisvernd, skipuleggja umferð gesta, byggja innviði fyrir ferðamenn, leggja vegi og göngustíga, búa til fræðsluskilti og fræðslufni – en allar með ólíkum formerkjum. Ljóst

má vera að þetta verklag veldur miklum tvíverknaði, ruglingi meðal notenda og kemur í veg fyrir að hér byggist upp miðlæg þekking og samhæfing á sviði vörslu lands og eigna í eigu ríkisins. Alla þessa starfsemi ætti því skilyrðislaust að sameina að mati Landverndar.



Ásýnd vindmylla í umhverfismati Landsvirkjunar. Mynd frá Landsvirkjun.

## Vindmyllur á Íslandi

*Vindmyllur eru líklegar til að ryðja sér frekar til rúms á Íslandi á næstu árum. Vindorka er áhugaverð endurnýjanleg orkulind sem mikill áhugi er á að nýta í okkar vindasama landi. Landvernd hefur nokkuð látið sig varða umræðu um þessi mál.*

### Valkostur við aðra orkunýtingu?

Mikilvægt er að kanna kosti og galla vindmylla fyrir raforkuframleiðslu á Íslandi, ekki síst út frá umhverfissjónarmiðum. Vindmyllur gætu orðið valkostur við frekari uppbyggingu vatnsafls- og jarðvarmavirkjana. Áriðandi er þó að huga vel að staðsetningu vindorkugarða sökum mikilla sjónrænna áhrifa þeirra.

### Hvar og hvar ekki?

Grunnforsenda þess að byggja upp vindorkugarða á Íslandi er að heildarsýn, reglur og viðmið séu búnin til um hvar og í hvers konar landi ásættanlegt er að reisa þá, hvaða vindmyllustærðir séu ákjósanlegar við mismunandi aðstæður, fjölda þeirra á hverjum stað o.s.frv. Víða erlendis eru til viðmið sem þessi, t.d. í Skotlandi og Danmörku. Mikilvægt er að stjórnvöld feli skipulagsyfyrildum að þróa viðmið og reglur sem þessar.

### Vindmyllur Landsvirkjunar á Hafinu

Landsvirkjun hefur lokið við frummatsskýrslu fyrir allt að 200 MW vindorkugarð ofan Búrfells. Vindmyllurnar yrðu að hámarki 67 talsins og allt að 150 metrum á hæð þegar spaðar eru í efstu stöðu eða eins og tvær Hallgrímskirkjur hvor ofan á annarri. Sjónræn áhrif vindorkugarðsins á jaðri hálandisins yrðu því mjög mikil. Vindmyllurnar mundu blasa við bæði þegar komið er niður af hálandinu og ekið er upp á það, auk þess að hafa mikil áhrif á útsýni til Heklu.



Frá Kili. Mynd: Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

## Framkvæmdir á Kili

*Kjölur og næsta nágrenni eru hluti af gersemum miðhálandisins. Kjalvegur er þar meginsamgönguæð og við hann eru mörg fjölsótt svæði sem hafa hátt náttúruverndargildi. Að mati Landverndar ætti svæðið að vera hluti af miðhálandisþjóðgarði og allar skipulagsákvarðanir að taka mið af því.*

Undanfarin ár hafa staðið yfir vegaf framkvæmdir á svæðinu og nýverið var hafist handa við hótélbyggingu í Kerlingarfjölum. Landvernd hefur tekið undir ábendingar Ferðamálastofu í þessum tveimur málum varðandi þörf á heildarstefnu um uppbyggingu ferðamannastaða á hálandinu og mat á heildaráhrifum framkvæmda þar.

### Pylsuskurður Vegagerðarinnar

Haustið 2015 ákvað Landvernd að bera undir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála þá ákvörðun Skipulagsstofnunar að ekki þyrfti að meta umhverfisáhrif vegagerðar um Kjöl. Umrædd ákvörðun tók aðeins til 3 km vegspotta norðan Hvitár. En þar með er ekki öll sagan sögð. Frá árinu 1995 hefur Vegagerðin í misstórum áföngum unnið að breytingum á um 40 km kafla Kjalvegur, allt frá Gullfossi og langleiðina að Árbúðum. Um er að ræða uppbyggðan veg sem víða er utan eldra vegstæðis. Vegagerðin hefur ekki látið fara fram mat á umhverfisáhrifum þessara framkvæmda og ekki heldur tilkynnt þær til Skipulagsstofnunar eins og lög kveða á um. Sveitarfélagið samþykkti framkvæmdina og hefur sú ákvörðun einnig verið borin undir úrskurðarnefndina.

Með því að búa vegaf framkvæmdirnar niður í áfanga án þess að tilkynna um heildarframkvæmdina til Skipulagsstofnunar beitir Vegagerðin alþekktari aðferð, s.k. „salami slicing“ eða „pylsuskurði“, til þess að skjóta sér undan mati á umhverfisáhrifum. Hver framkvæmdakafli er styttri en svo að skylt sé að umhverfismeta hann. „Pylsuskurður“ stenst ekki löggjöfina um umhverfismat að mati Landverndar og um það vitna fjölmargir dómar

Evrópudómstólsins, sem Skipulagsstofnun var bent á. Landvernd telur Vegagerðina ekki eiga að vera einráða um endurbyggingu Kjalvegur. Úrskurða er beðið í málum um Kjalveg.

### Hótélbygging í Kerlingarfjölum

Fannborg ehf. hefur rekið gístaðstöðu í Kerlingarfjölum um langt árabíl. Nú fyrirhugar fyrirtækið að auka við starfsemina og reisa í áföngum gístaðstöðu fyrir tæplega 350 manns, þar af 240 manns í 120 tveggja manna herbergjum.

Skipulagsstofnun komst að þeirri niðurstöðu í júlí 2015 að ekki þyrfti að umhverfismeta fyrsta áfanga hótélbyggingarinnar, en það þyrfti varðandi síðari tvo áfanga hennar. Gekk sú niðurstaða gegn rökstuddu álitu Ferðamálastofu, sem taldi „nauðsynlegt að taka til alvarlegrar skoðunar“ að meta áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið. Ferðamálastofa nefndi meðal annars í umsögn nauðsyn þess að meta áhrif fjölgunar ferðamanna á náttúruinjasvæði og gagnrýndi útlitshönnun bygginga er viki frá uppbyggingu í anda fjallaskála. Að mati Landverndar ber afdráttarlaust að meta áhrif framkvæmdarinnar sem heildar. Ljóst er að um grundvallarbreytingu á umfangi og yfirbragði gístaðstöðunnar í Kerlingarfjölum yrði að ræða, sem kynni um margt að verða fordæmisgefandi fyrir uppbyggingu annarra hálandismiðstöðva.

Landvernd bar ákvörðun Skipulagsstofnunar undir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála í ágúst 2015. Sveitarfélagið samþykkti framkvæmdina og hefur Landvernd einnig borið þá ákvörðun undir úrskurðarnefndina og gert kröfu um stöðvun framkvæmda á meðan málið er til umfjöllunar. Úrskurða er beðið.



# Áskoranir, ályktanir og yfirlýsingar 2015-2016

## Friðlýsing miðhálandis Íslands

Aðalfundur Landverndar 2015 skoraði á stjórnvöld að hefja vinnu við friðun miðhálandis Íslands með stofnun Þjóðgarðs, í víðtæku samráði við náttúruverndar- og útivistarsamtök, sveitarfélög, ferðaþjónustuaðila og orkufyrirtæki.

## Tilfærsla virkjanahugmynda

Aðalfundur Landverndar 2015 mótmælti harðlega þingsályktunartillögu meirihluta atvinnuveganefndar Alþingis um að færa fimm virkjanahugmyndir úr biðflokki í orkunýtingarflokk rammaáætlunar.

## Ferðaþjónusta í sátt við náttúru og umhverfi

Aðalfundur Landverndar 2015 skoraði á stjórnvöld og aðila í ferðaþjónustu að tryggja með öflugri stefnumótun og samvinnu hagsmunaaðila að aukinn ferðamannastraumur komi ekki frekar niður á náttúrugæðum en nú er og lagði áherslu á stóraukna landvörslu og fræðslu til ferðamanna.

## Verndun Jökulsárlóns og Breiðamerkursands

Aðalfundur Landverndar 2015 skoraði á stjórnvöld, ríkisstjórn og Alþingi að vernda Jökulsárlón á Breiðamerkursandi og Breiðamerkursand í heild sinni og veita fjármagni í rannsóknir á lífríki lónsins. Jafnframt voru stjórnvöld hvött til að skoða hvort svæðið gæti orðið hluti af Vatnajökulsþjóðgarði.

## Mengandi stóriðja í Hvalfirði

Aðalfundur Landverndar 2015 tók undir kröfu Umhverfsvaktarinnar við Hvalfjörð um að hlífa eigi lífríki og íbúum Hvalfjarðar við frekari ágangi af völdum mengandi stóriðju við fjörðinn.

## Jarðstrengir raunverulegur valkostur

Stjórn Landverndar fagnaði úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem skyldar Landsnet hf. til að líta á jarðstrengi sem raunverulegan valkost líkt og loftlínu í mati á umhverfisáhrifum Kröflulínu 3, 220kV raflínu frá Kröflu að Fljótsdalsvirkjun. Jafnframt væntir Landvernd þess að úrskurðurinn marki endalok áralangrar andstöðu Landsnets hf. við kröfu almennings um jarðstrengi.

## Náttúruvernd í Vegvísinum

Stjórn Landverndar fagnaði því að náttúruvernd væri ein af sjö áhersluþáttum nýrrar ferðamálastefnu. Í því fælist viðurkenning á því að náttúran sé hornsteinn íslenskrar ferðaþjónustu.

## Jökulsárlón verði hluti Vatnajökulsþjóðgarðs

Stjórn Landverndar skoraði á Alþingi og ríkisstjórn að festa kaup á jörðinni Felli í Suðursveit sem staðsett er á austurbakka Jökulsárlóns og vernda það ásamt Breiðamerkursandi í heild sinni sem hluta af Vatnajökulsþjóðgarði.

## Tvískinnungur í loftslagsmálum


Stjórn Landverndar fagnaði afdráttarlausri yfirlýsingu forsætisráðherra á leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna um að Ísland hafi skuldbundið sig til að draga úr losun koltvísýrings um 40% fyrir árið 2030 miðað við árið 1990, en gagnrýndi að á sama tíma styddu stjórnvöld uppbyggingu kísilmálmvera sem myndi auka útblástur gróðurhúsalofttegunda um a.m.k. 20%.

## Fjársveldi til friðlýsinga mótmælt

Stjórn Landverndar skoraði á umhverfisráðherra að tryggja fjármagn til friðlýsinga svæða í verndarflokki rammaáætlunar en ekkert svæði hefður enn verið friðlýst úr þeim flokki.

## Búvörusamningar tryggja sjálfbærni beitara

Stjórn Landverndar, stjórn Náttúruverndarsamtaka Íslands og stjórn Skógræktarfélagss Íslands skoruðu á samningsaðila um nýja búvörusamninga að skilyrða ríkisstuðning í sauðfjárrækt við sjálfbæra nýtingu beitarlanda og að komið yrði í veg fyrir beit á örfoka landi.





## Friðlýsingartregða

Landvernd hefur vaxandi áhyggjur af seinangangi við friðlýsingar fjölmargra svæða sem lög mæla beinlínis fyrir um að friðlýsa skuli innan ákveðinna tímamarka. Er hér vísað til verndarflokks rammaáætlunar (RÁ) og svæða samkvæmt lögum um vernd Mývatns og Laxár.

### Engin svæði friðlýst í verndarflokki RÁ

Samkvæmt lögum um RÁ ber stjórnvöldum að hefja undirbúning að friðlýsingu svæða í verndarflokki áætlunarinnar strax eftir að hún er samþykkt á Alþingi. Gert er ráð fyrir að öll svæði hafi verið friðlýst innan fjögurra ára. Núgildandi áætlun var samþykkt af Alþingi í janúar 2013 og hefur enn ekkert svæðanna í verndarflokki RÁ verið friðlýst. Stjórnvöld hafa því níu mánuði til stefnu.

### Fjársvelti borið við

Umhverfisstofnun undirbýr friðlýsingar. Stofnunin fékk aukafjárveitingu á fjárlögum 2013 til að hefja undirbúning að friðlýsingu svæðanna í verndarflokki RÁ. Eftir árið 2013 var þeirri vinnu hætt, að sögn vegna niðurskurðar. Landvernd lítur málið alvarlegum augum og hefur skorað á umhverfisráðherra, m.a. í aðdraganda fjárlagagerðar haustið 2015 og margoft í fjölmiðlum síðan, að tryggja fjármagn og efndir við friðlýsingar. Nýverið tilkynnti umhverfisráðherra áform um friðlýsingu Kerlingarfjalla á þessu ári og eru það afar ánægjuleg tíðindi. Í Kerlingarfjöllum eru fjórar virkjanahugmyndir úr verndarflokki RÁ.

### Mývatns- og Laxárvæðið

Lög um verndun Mývatns og Laxár frá 2004 leggja þá skyldu á umhverfisráðherra að friðlýsa, fyrir 1. janúar 2008, svæði sem Umhverfisstofnun gerir tillögur um. Umhverfisstofnun lagði tillögur sínar fram í september 2004. Tillögurnar ná til alls 11 svæða, m.a. margra helstu ferðamannastaða við Mývatn sem afar brýnt er að vernda. Hluti hálendis Skútustaðahrepps var friðlýstur með Vatnajökulsþjóðgarði árið 2009 og þrjú svæði voru friðlýst á árunum 2011 og 2012 en síðan þá hefur ekkert land við Mývatn verið friðlýst í samræmi við lögin. Landvernd ritaði umhverfisráðherra bréf í mars 2016 og skoraði á hann að ljúka friðlýsingunum á Mývatns- og Laxárvæði nú þegar í samræmi við lagaskuldbindingar.

## Ný náttúruverndarlög

Ný náttúruverndarlög voru samþykkt á Alþingi í mars 2013. Eftir ítrekaða frestun á gildistöku laganna og endurskoðun tóku ný náttúruverndarlög nr. 60/2013 loks gildi í nóvember 2015.

### Margt til bóta

Nýja náttúruverndarlöggjöfin er um margt til mikilla bóta. Markmiðssetning er skýrari og markvissari, meginreglur umhverfisréttar eru teknar inn í lögin, friðlýsingarflokkar eru aðlagðir að verndarflokkunarkerfi Alþjóðlegu náttúruverndar-samtakanna(IUCN), heimild er til friðlýsingar heilla vatnasviða og lindasvæða, ákvæði er um vöktun náttúrunnar og margt fleira.

### Almannaréttur, varúðarregla og sérstök vernd

Í lögunum eins og þau voru samþykkt árið 2013 voru gerðar mikilvægar breytingar á nokkrum veigamiklum atriðum, sem voru færð aftur til verri vegar við endurskoðun 2015. Í 2013 lögunum gat landeigandi einungis takmarkað eða bannað umferð manna á afgirtu óræktuðu landi ef slíkt þótti nauðsynlegt vegna nýtingar eða verndunar. Slíka fyrirvara þarf ekki nú og er hér um afturför að ræða varðandi almannarétt.

Í upprunalegu lögunum frá 2013 var varúðarregla umhverfisréttar tekin upp með skýrum hætti. Hún var hinsvegar þynnt talsvert út og gildissvið hennar þrengt í núgildandi löggjöf. Reynslan mun leiða í ljós hversu áhrifarík varúðarreglan verður í þessu útvatnaða formi.

Rannsóknir höfðu sýnt að ákvæði um sérstaka vernd jarðminja og vistkerfa í lögunum frá 1999 skiluðu ekki tilætlunum árangri. Því voru gerðar gagngerar breytingar á ákvæðinu í lögunum eins og þau voru samþykkt 2013. Þessar breytingar voru að hluta til dregnar til baka við endurskoðun. Í umræðu um þessi ákvæði tókust á náttúruverndarsjónarmið og hagsmunir framkvæmdaaðila.



## Starfsreglur verkefnis- stjórnar RÁ

Í febrúar 2016 auglýsti umhverfis- og auðlindaráðuneytið drög að breytingum á starfsreglum verkefnisstjórnar rammaáætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða. Landvernd gagnrýndi drögin harðlega, einkum á þeirri forsendu að þau endurspegluðu óásættanlegar kröfur sem Landsvirkjun setti fram við ráðuneytið sumarið 2015. Landvernd efndi til rafrænnar áskorunar á umhverfisráðherra um að falla frá málinu og skrifuðu rúmlega 2400 manns undir hana á einni viku. Ráðuneytið hefur ekki afgreitt málið.

### Óeðlileg aðkoma Landsvirkjunar

Landvernd telur málsmeðferðina ekki standast lög um rammaáætlun. Þau kveða á um að það sé í verkahring verkefnisstjórnar að gera tillögur til umhverfisráðherra að breytingum á starfsreglum og að umhverfisráðuneyti afgreiði reglurnar í samráði við iðnaðarráðuneyti. Þessari málsmeðferð var ekki fylgt. Þá var aðkoma Landsvirkjunar að málinu óeðlilega mikil og óásættanleg, þar sem fyrirtækið kom í gegn breytingatillögum með aðstoð iðnaðarráðuneytis áður en endanleg drög voru sett fram til kynningar almennings. Engin önnur orkufyrirtæki, náttúruverndarsamtök, útivistar- eða ferðaþjónustuaðilar fengu sömu aðkomu.

### Vegið að faglegu sjálfstæði

Landvernd gagnrýnir sérstaklega tvö efnisatriði í nefndum drögum. Annarsvegar nýtt ákvæði um yfirstjórn umhverfisráðherra sem opnar fyrir pólitísk afskipti af ferlinu og hinsvegar breytt ákvæði sem gera mun orkufyrirtækjum kleift að fá virkjunarhugmyndir í gildandi verndarflokki rammaáætlunar teknar upp aftur og aftur í nýjum áföngum rammaáætlunar. Í báðum tilvikum er stórlega vegið að faglegu sjálfstæði verkefnisstjórnar og megintilgangi rammaáætlunarlaganna sem er að skapa þolanlega sátt um orkunýtingu í landinu.

## Landsskipulagsstefna

Landsskipulagsstefna var samþykkt á Alþingi í mars 2016. Í henni kemur fram ríkur vilji til að vernda víðerni, landslagsheildir og náttúrugæði miðhálandisins. Markmið um ferðaþjónustu leggja áherslu á að mannvirki og umferð skerði sem minnst óbyggða-upplifun og markmið um samgöngur að lágmarksáhrif verði á víðerni og upplifun fólks. Jafnframt er lögð áhersla á góða aðstöðu ferðafólks og tryggt aðgengi.

Markmið um nýtingu nýrra orkulinda á hálandinu ganga hinsvegar þvert gegn ofangreindum markmiðum og sama gildir um raforkuflutning á svæðinu. Rannsóknir Önnu Dóru Sæþórsdóttur við Háskóla Íslands sýna að einungis um 10% aðspurðra telja að háspennulínur, stíflur, virkjanir og uppistöðulón samræmist hugmyndum þeirra um víðerni. Hér er því um skýra mótsögn í landsskipulagsstefnu að ræða.

Tillögur tengdar samgöngum eru í reynd þær sömu og í Svæðisskipulagi miðhálandisins 1999–2015. Þær takmarka ekki uppbyggða, malbikaða vegi sem færir yrðu flutningabílum jafnt sem smábílum og gjörbreyta myndu ásýnd hálandisins, skerða hljóðvist og manngera umhverfi og náttúru – láglandisvæða hálandið. Flestir eru sammála um laga megi helstu hálandisleiðir með áherslu á lágstemmda vegi sem falla vel að landslagi og skerða ekki óbyggðaupplifun.

Ef frá eru skilin markmið um nýtingu orkulinda, orkuflutning og samgöngur er vernd víðerna, landslags og óbyggðaupplifunar rauður þráður í landsskipulagsstefnunni sem fellur vel að markmiðum hálandisþjóðgarðs. Stofnun þjóðgarðs er því að öllum líkindum skilvirkasta leiðin til að ná þessum markmiðum landsskipulagsstefnu.





### Rekstrarreikningur ársins 2015

Rekstrartekjur:	2015	2014
Árgjöld.....	11.635.982	8.937.990
Almennir styrkir.....	7.627.359	5.973.735
Verkefnatengdar tekjur og styrkir.....	49.796.196	40.172.800
Sérverkefni – tilfallandi.....	887.204	558.090
Umsýslu- og aðstoðugjald.....	6.168.651	5.306.188
Aðrar tekjur.....	478.187	599.187
	<u>76.593.579</u>	<u>61.547.990</u>
Rekstrargjöld:		
Laun og tengd gjöld.....	12.010.886	11.476.506
Verkefnatengd gjöld.....	51.013.116	40.628.885
Sérverkefni – tilfallandi.....	5.271.488	500.000
Önnur rekstrargjöld.....	12.631.909	8.580.171
Afskriftir.....	193.188	193.185
Fjármagnstekjuskattur.....	240.083	170.414
	<u>81.360.670</u>	<u>61.549.161</u>
Hagnaður ( tap ) fyrir fjármuna- og fjármagnsliði.....	(4.767.091)	(1.171)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:		
Fjármunatekjur.....	1.927.333	1.272.026
Fjármagnsgjöld.....	(15.290)	(3.132)
	<u>1.912.043</u>	<u>1.268.894</u>
Hagnaður ( tap ) ársins.....	<u>(2.855.048)</u>	<u>1.267.723</u>

### Efnahagsreikningur ársins 2015

Eignir:	2015	2014
Fastafjármunir:		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Jörðin Alviðra og Öndverðanes II.....	9.610.825	9.804.013
Áhöld.....	185.683	185.683
	<u>9.796.508</u>	<u>9.989.696</u>
Langtímakröfur:		
Verðbréfaeign Hússjóðs.....	18.095.029	17.789.901
Fastafjármunir alls.....	<u>27.891.537</u>	<u>27.779.597</u>
Veltufjármunir:		
Birgðir, bækur o.fl.....	680.000	680.000
Kröfur og fyrirfram greidd gjöld.....	15.150.879	6.855.665
Handbært fé.....	21.853.121	39.006.014
Veltufjármunir alls.....	<u>37.684.000</u>	<u>46.541.679</u>
Eignir alls.....	<u>65.575.537</u>	<u>74.321.276</u>
Skuldir og eigið fé:	2015	2014
Eigið fé:		
Eigið fé.....	52.262.184	55.117.232
Skuldir:		
Skammtímaskuldir:		
Skuldbindingar vegna móttækinnna styrkja.....	7.050.000	16.200.000
Ýmsar skammtímaskuldir.....	6.263.353	3.004.044
Skuldir alls.....	<u>13.313.353</u>	<u>19.204.044</u>
Skuldir og eigið fé, alls.....	<u>65.575.537</u>	<u>74.321.276</u>



# Stiklur úr starfi Landverndar

## Ráðstefna um fullorðinsfræðslu um sjálfbærni

Þann 9. október 2015 var haldin ráðstefna í Norræna húsinu um nýjar aðferðir í fullorðinsfræðslu um sjálfbærni. Ráðstefnan var styrkt af Landvernd, Norræna tengslanetinu um fullorðinsfræðslu og Norrænu ráðherranefndinni. Hún var sótt af fjörutíu manns frá öllum Norðurlöndunum, með víðtæka og fjölbreytta reynslu af fullorðinsfræðslu um sjálfbærni. Þátttakendur voru með vinnustofu þar sem þeir fengu að prófa nýjar aðferðir, ræða um fræðslu fyrir fullorðna og mynda tengslanet fyrir samvinnu í framtíðinni. Í framhaldi af ráðstefnunni var Landvernd beðin að halda fullorðinsfræðslunámskeið á Íslandi um loftslagsbreytingar í september 2016.



Hluti af ráðstefnuhópnum í vettvangsferð. Mynd með grein NN.

## Auglýsingar Norðuráls kærðar

Landvernd kærði auglýsingar sem Norðurál sendi út um jóla- og áramót 2015 til Neytendastofu. Að mati Landverndar voru fullyrðingar um „einn grænasta málm í heimi“, „málm af Norðurslóð“, „Norðurál notar umhverfisvæna orku“ o.fl. rangar. Vildi Landvernd láta reyna á hvort þær stæðust lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, einkum með hliðsjón af leiðbeinandi reglum um auglýsingar og umhverfisvernd sem gefnar voru út árið 1994.

Neytendastofa hafnaði aðild Landverndar að málinu og taldi samtökin ekki hafa lögvarða hagsmuni af því.

## Vistvænir viðburðir – Saga Fest


Landvernd tók þátt í lista- og tónlistarhátíðinni Saga Fest, sem haldin var á bænum Stokkseyrarseli í Árborg um Hvítasunnuhelgina 2015. Aðkoma Landverndar fólst í því að leiðbeina skipuleggjendum hátíðarinnar varðandi umhverfismál. Fyrirmynd Landverndar eru umhverfisverndarsamtökin Háll Sverige Rent í Svíþjóð sem hafa þróað umhverfisviðurkenningu fyrir vistvæna viðburði. Reynslan af þessu nýttist Landvernd í fjölmörgum verkefnum samtakanna.

## Áherslur í starfsemi Landverndar

Stjórn og starfsfólk Landverndar hafa unnið að móttun áherslna samtakanna til næstu tveggja ára. Ákveðið var að skerpa áherslur í fjórum málaflokkum: Náttúruvernd í ferðaþjónustu, gróðurvernd og vistheimt, loftslagsmálum og síðast en ekki síst umhverfis- og náttúrumennt. Niðurstaða þessarar vinnu liggur nú fyrir og verður kynnt á aðalfundi 2016. Jafnframt verður áfram unnið að langtímaverkefnum, myndun samstöðu um þjóðgarð á miðhálandinu og að því að efla þátttöku þjóðarinnar í ákvarðanatöku um umhverfismál.

## Varðliðar umhverfisins

Verkefnasamkeppnin Varðliðar umhverfisins er samstarfsverkefni umhverfisráðuneytisins, Landverndar og Náttúruskóla Reykjavíkur sem hefur það að meginmarkmiði að kalla eftir leiðsögn yngri kynslóðarinnar í umhverfismálum. Verðlaunin voru veitt í tíunda skiptið í ár og fór afhendingin að vanda fram á Degi umhverfisins. Alls bárust níu verkefni í keppnina og var ákveðið að veita tveimur skólum verðlaun. Grunnskóli Borgarfjarðar eystri fékk verðlaun fyrir ljósmyndaverkefni sem nemendur í 3.-9. bekk unnu í ferð um Loðmundarfjörð og fjórir nemendur í níunda bekk Dalvíkurskóla fengu verðlaun fyrir myndbandið *Ekki menga!* sem jafnframt er umhverfissáttmáli Dalvíkurskóla.





**LANDVERND**

ICELANDIC ENVIRONMENT ASSOCIATION